

Borgarbyggð  
Drífa Gústafsdóttir  
Digranesgötu 2  
310 Borgarnes

Reykjavík, 20. október 2023  
UST202310-189/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022- Signýjarstaða**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 16. október síðast liðinn þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar fyrir frístundabyggð í landi Signýjarstaða yfir í verslunar- og þjónustusvæði.

Í greinargerð kemur fram gerð verði breyting á uppdrætti og greinargerð aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Þar sem landnotkun fyrir lóðirnar Hrísmóa 2, 4 og 5 og Ystumóar 1, 2, 3 og 4 í frístundabyggð Signýjarstaða verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði til þess að geta verið með gistipjónustu. Svæðið er um 48,4 ha. í heild en breytingin nær til um 5 ha. sem breytt verður í verslunar- og þjónustusvæði.

Umhverfisstofnun vill benda á að umrætt svæði er í mikilli nálægð við straumvatnshlotið 104-195-R Hvítá 1 og skv. 3 mgr. 28. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Bakkagróður árinna nýtur einnig verndar skv. 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en þar segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að við halda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi.

Auk þess bendir stofnunin á að nauðsynlegt er fjallað sé um umhverfisáhrif á fuglalíf, vistgerðir og vatnafar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Björn Stefánsson  
**sérfræðingur**